



Alþingi
Erindi nr. P 136/1240
komudagur 13.3.2009



MINNISBLAÐ

EFNI: Greiðsluaðlögun atvinnulífsins
DAGS: 11. febrúar 2009
VIÐTAKANDI: fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon

Í þeim miklu erfiðleikum sem nú við er að glíma í íslenskum þjóðarbúskap skiptir höfuðmáli að fyrirtækjunum sé búin eins góð skilyrði og kostur er. Því þarf að huga vel að öllum skrefum sem hið opinbera tekur og hafa áhrif á starfsskilyrði þeirra. Ekki er síður mikilvægt að hið opinbera geri það sem í þess valdi stendur til að greiða götu fyrirtækjanna í því fordæmalausa ástandi sem nú ríkir. Öll jákvæð skref sem stigin eru í þessa veru leiða til þess að auknar líkur eru á að fyrirtækin lifi og þar með fleiri haldi atvinnu en ella.

Eins og margoft hefur komið fram á undanförunum vikum og mánuðum er fjöldi fyrirtækja í landinu komin í alvarlega stöðu, enda vart við örðu að búast þegar vextir eru svo háir sem raun ber vitni og gengi gjaldmiðilsins mun hærra en atvinnulífið getur risið undir. Þess utan hefur bankakerfið engan veginn burði til að sinna þörfum atvinnulífsins og almennur veltusamdráttur í samfélaginu hefur þau áhrif að ótrúlega stór hluti fyrirtækjanna berst nú í bökkum.

Þessi staða sem hér er lýst hefur leitt til þess að stór hluti fyrirtækja á í miklum erfiðleikum með að standa í skilum með opinber gjöld. Samtökin leggja því til við fjármálaráðuneytið að komið verði á því sem kalla mætti greiðsluaðlögun fyrir atvinnulífið. Í þeim tillögum felst að fyrirtækjum verði gert kleift að dreifa gjalddögum virðisaukaskatts og vörugjalds. Með því vinnst að Inn- og útstreymi fjár hjá fyrirtækjum, bönkum og ríki verður jafnara og ætla má að skil verði betri en ella.

SI og SVP leggja til þegar verði ákveðið að taka upp nýtt greiðsluakerfi sem gildi a.m.k út árið 2009. Gert er ráð fyrir að á hverjum hefðbundnum gjalddaga geti fyrirtæki valið um tvennt. Annars vegar að greiða á hefðbundnum tíma eða að velja greiðsludreifingu. Ef greiðsludreifing er valin skal greiða 50% fyrir lok þess mánaðar sem gjalddaginn er í og 50% fyrir lok næsta mánaðar á eftir. Greiða skal almenna meðalvexti af þeim hluta greiðslunnar sem frestað er í stað dráttarvaxta. Vextir verða í þeim tilvikum jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vextir og verðtryggingu.



MINNISBLAÐ

Nánar um gjöld og gjalddaga:

Uppgjör á VSK

Lagt er til að uppgjör á VSK verði hægt að dreifa á tvo mánuði þannig að 50% verði greitt í núverandi uppgjörsmánuði og 50% í næsta mánuði á eftir. Með þessum hætti væri t.d. hægt að dreifa greiðslu sem á að fara fram 13. febrúar til helminga á febrúar og mars.

Uppgjör á aðflutningsgjöldum, þ.m.t. VSK vegna Innflutnings


Lagt er til að heimilt verði að dreifa greiðslum á tvo mánuði m.v. núverandi kerfi. Gjaldþaga 15. mars væri t.d. hægt að greiða 50% fyrir 15. apríl og 50% fyrir 15. maí.


Vörugjöld

Lagt er til að heimilt verði að dreifa greiðslum á einum mánuði m.v. núverandi kerfi. Gjaldþaga 28. mars væri t.d. hægt að greiða 50% fyrir 28. apríl og 50% fyrir 28. maí.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

SVP - SAMTÖK VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU


Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri


Andrés Magnússon
framkvæmdastjóri